



## 18. stjórnarfundur KKÍ starfstímabilið 2021-2023

Fjarfundur • mánudagur 17. janúar 2022 kl. 17:00

Mætt til fundar: Hannes S. Jónsson formaður (HSJ), stýrir fundi. Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir varaformaður (GNE), Birna Lárusdóttir annar varaformaður (BL), Guðni Hafsteinsson gjaldkeri (GH), Einar Karl Birgisson (EKB), Herbert S. Arnarson (HSA), Guðrún Kristmundsdóttir (GK) og Erlingur Hannesson (EH).

Jón Bender (JB) og Lárus Blöndal (LB) boðuðu forföll.

HSJ og GNE rituðu fundargerð.

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðustu fimm funda það er desember og janúar fundar voru sendar út í morgun og óskað athugasemda ef einhverjar eru í tölvupósti til HSJ.

### 2. Fjármál

HSJ, GH og Eyjólfur Guðlaugsson bókarar KKÍ hittust í síðustu viku til að fara yfir vinnu við ársreikning 2021 og fjárhagsáætlun 2022. Það stefnir í 1,5-2 milljóna króna tap á árinu 2021 en áætlun gerði ráð fyrri 7 milljóna króna hagnaði. Er það að mestu leyti vegna sóttvarnarráðstafana í afreksstarfinu. Heildarskuld sambandsins er því um 15 milljónir sem verður að nást eitthvað niður á þessu ár. Fjárhagsáætlun fyrir 2022 gerir ráð fyrir um 5 milljóna króna hagnaði. Fjárhagsnefnd verður boðuð til fundar til að fara yfir þetta.

Enn er unnið að frekari stuðningi frá ríkisvaldinu vegna COVID-19. Sér samböndin hafa ekki fengið neitt frá upphafi faraldursins, minnkandi tekjur félaganna t.d. engin stór mót yngri flokka, engir viðburðir, engin miðasala, færri fyrirtæki styðja við félögin o.þ.h.

Við höfum ekki fengið svör frá ríkisstjórninni varðandi beiðni um stuðning vegna heimaleiks karlalíðsins sem var í Rússlandi í lok nóvember.

### 3. Mótamál

Tekið fyrir erindi frá félagi í 1. deild karla sem leggur til að fækka umferðum úr þremur í tvær vegna COVID frestana. Stjórnarmenn sammála um að mótahaldið sé ekki komið á þann stað að taka ákvarðanir sem þessar og minnt á minnisblað mótastjóra og mótanefndar sem stjórn samþykkti 5. janúar.

Tekið fyrir erindi frá félagi sem ítrekar sína tillögu um að leikmenn, þjálfarar, dómamar og aðrir sem að leiknum koma fari í hraðpróf fyrir alla leiki. Hugmyndin er mjög góð og um margt væri gott að gera þetta að skyldu en KKÍ getur ekki haft eftirlit með þessu. Sömuleiðis flókið að ákvarða hver viðurlög eigi að vera. Áfram





# KÖRFUKNATTLEIKSSAMBAND ÍSLANDS

KKÍ · Icelandic Basketball Association

KKÍ  
Laugardalur Sport Center  
Engjavegur 6, 2nd floor  
104 Reykjavík, Iceland  
+354 514-4100  
kki@kki.is

hvetur KKÍ til þess að við öll sýnum aðgát vegna veikinda og förum í PCR próf ef fundið er fyrir einkennum vegna COVID-19.

Rætt um frestanir vegna COVID-19 þessa dagana og að á næstunni þurfi mótanefnd og mótastjóri að fara að gera það erfiðara að fresta leikjum og fá frekari vottorð til að fresta fresta leikjum. Stjórn treystir mótastjóra og mótanefnd til að meta hvenær nákvæmlega það getur orðið og að sjálfssögðu í samræmi við aðgerðir yfirvalda.

#### 4. Fræðslu-og útbreiðslumál

Höfum lítið sem ekkert geta gert í útbreiðsluverkefnum á vegum YDF FIBA Europe vegna sóttvarnarreglna. Þjálfaranámskeið í gegnum fjarfundarbúnað fara fram á næstu vikum.

#### 5. Landsliðsmál

KGP afreksstjóri er að klára að setja saman verkefnalista og deila út verkefnum á einstaklinga vegna heimaleiks karlalandsliðsins í undankeppni HM á Ásvöllum fimmtudaginn 24. febrúar.

Eins og staðan er núna eru litlar líkur á því að viðgerðum í Laugardalshöll verði lokið fyrir heimaleikina í byrjun júlí hjá karlalíðinu.

#### 6. Norðurlandafundur 3.-4. janúar

Auka fundur Norðurlandþjóðanna fór fram 3.-4. janúar í Tallinn í Eistlandi. Rætt var um auka enn frekar samstarf í afreksmálum, menntun þjálfara og dómara en það voru afreksstjórar landanna sem funduðu um þessi mál. Formenn og varaformenn ræddu um ýmsa hluti er tengjast FIBA og þarf að taka um nokkur mál á þeim vettvangi. Einnig var rætt um fjölda erlendra leikmanna og reglur vegna þessa, HSJ ræddi það og stjórn ætlar að skoða þau mál betur á næstunni.

#### 7. Önnur mál

- Upplýsinga- og spjallfundur var haldinn með formönnum félaga á síðasta föstudag í fjarfundarformi.

Næsti fundur verður mánudaginn 7. febrúar kl.17:00. HSJ bað stjórnarmenn um að vera klára ef boða þyrfti til fundar fyrr og með skömmum fyrirvara vegna ástandsins í sóttvarnarreglum COVID-19. Fleira var ekki bókað og fundi slitið kl. 18:25

#### Ákvarðanir:

- Ekki gerðar breytingar á leikjafyrirkomulagi 1. deild karla.
- Það verður ekki gert að skyldu að senda þá sem að leikjum koma í hraðpróf.

